

Heilbrigðissamþykkt

106
23. ág.

fyrir

Reyðarfjarðarhrepp í Suðurmúlasýslu.

1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir Reyðarfjarðarhrepp.

2. gr.

Þegar samþykktin öðlast gildi, skal mynda heilbrigðisnefnd, er skyld skal að hafa nákvæmar gætur á þrifnaði utanhúss og innan í hreppnum. Í henni skulu eiga sæti 3 menn, einn er hreppsnefnd kýs, annar er sýslunefnd tilnefnd, báðir til þriggja ára, og sýslumaður Suðurmúlasýslu sem formaður nefndarinnar.

3. gr.

Skyldir skulu sjómenn og aðrir þeir, sem sjóveiði stunda um lengri eða skemmri tíma, að láta slóg og annan veiðiúrgang í þartil gjörðar safngryfjur, á þeim stöðum, er heilbrigðisnefndin leyfir, eða koma því fyrir á einhvern þann hátt, að aldrei komi fyrir að það flækist í fjörum.

4. gr.

Þar sem fiskipvottur fer fram, einkum í þjettbýli, eða nærri íbúðarhúsum, skal heilbrigðisnefndin sjá um að vandlega sje hreinsað til á eptir daglega, svoað ekki safnist fyrir fiskleifar, er úldna og valda daunillu lopti.

5. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum skemmd eða svikin matvara, og er eí ganda skylt að láta af hendi við nefndina sýnishorn af vörum til rannsóknar. Komi það í ljós, að varan sje skemmd eða svikin, eða á einhvern hátt ekki nýtileg til manneldis eptir álití hjeraðslæknið eða annara, sem bærir eru að dæma um það, skal lóga vörunum eða á einhvern hátt gera þær óskaðlegar fyrir heilsu manna á kostnað þess er vöruna hafði á boðstólum. — Kjöt af pestdaudum skepnum má ekki selja til manneldis nema með leyfi hjeraðslæknið, og eigi nota kjöt af skepnum, sem minsti grunur leikur á að drepizt hafi úr miltisbrandi.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólahús og skólastofur í hreppnum, að minnsta kosti 4 sinnum á skólaárinu með því millibili, er henni þykir bezt við eiga. Ef hún verður vör við, að kennari eða barn hafi einhvern næman sjúkdóm, hvers kyns sem hann er, þá skal hún tilkynna það hjeraðslækni, og ef hann álitur, að um sótt næmishættu sje að ræða, getur nefndin bannað að barn-

106 ið (börnin) eða kennarinn komi í skólann, þar til sótt næmishættan er að dómi 23. ág. læknis um garð gengin.

Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á hverjum degi en ekki sópa.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum bókunarstofum í hreppnum og skipa bakara að þvo gólf, lopt og veggi hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæringu hafa, eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Deig má ekki hnoða með fótunum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bókunarstofu og enginn má sofa í stofunni.

8. gr.

Þá er gjöra skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

9. gr.

Skýlt skal heilbrigðisnefndinni í samráði við hjeraðslækni að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja óþrifnað og óheilnæmi hvar og hvenær, sem þurfa þykir, innan hreppsins; sjerstaklega viðvíkjandi vatnsbólum, forum, sorphaugum, salernum, íbúðarhúsum og peningshúsum, úrgangi og sullum á blóðvelli o. s. frv., og skal öllum ákvörðunum hennar og læknis þaraðlútandi nákvæmlega hlýtt.

10. gr.

Hver sá atvinnurekstur, er óhollusta og óþrifnaður fylgir, svo sem alls konar lýsisbræðzla, hvalveiði, hagnýting hvala, sútun húða og annað þvíumlíkt, skal háður nákvæmu eptirliti heilbrigðisnefndarinnar, og skal öllum fyrir-mælum bennar þaraðlútandi hlýtt nákvæmlega. Nefndin getur skipað slíkum atvinnurekendum, að hreinsa lóð sína, ef þar hafa safnast fyrir nokkur óhreindi, er stafa af iðnaðarrekestrinum.

11. gr.

Ef orð ter af, að sjerstakur óþrifnaður viðgangist á einhverjum stað í hreppnum utanhúss eða innan, skal nefndin skyld til að grennslast eptir, hvort tilhæfa sje í því, og skal sjerhver hreppsúi skyldur til, að leyfa nefndinni eða umboðsmanni hennar inngöngu bæði í íbúðarhús og útihús, er hún krefst þess; sömuleiðis skal henni heimilt að skoða alla heimalóð viðkomanda.

Ef heilbrigðisnefndinni við slíka skoðunargjörð finnst eitthvað ábótavant hjá ábúanda, húsmanni eða lóðarleigjanda, hvað þrífnað snertir, skal henni heimilt að gjöra þær ráðstafanir til umbóta, er henni finnast bezt viðeiga, og skal viðkomandi skyldur til hlýða öllum ákvæðum hennar í því tilliti, sem ekki eru gagnstæð gildandi lögum. **106** 23. ág.

12. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur, næmur sjúkdómur í hreppnum, þá er heilbrigðisnefndinni heimilt í samráði við hjeraðslækni, að beita um stundarsakir strangari reglum um hreinlæti utanhúss og innan, en annars.

13. gr.

Formaður kveður nefndina á fund svo opt, sem honum þykir viðþurfa, eða þá er hinir tveir nefndarmennu æskja þess; þó ekki sjaldnar en þrisvar á ári. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, sjer um bókun á fundargjörðum, og annast allar skriptir í þarfir nefndarinnar.

14. gr.

Allan kostnað, sem af nefndarstörfum kunna að leiða, skal borga úr hreppssjóði eptir reikningi, er borinn skal undir hreppsnefnd til samþykktar.

15. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa, eða vanrækja að framkvæma á tilsettum fresti nokkra þá ákvörðun eða fyrirskipun, er heilbrigðisnefndin setur samkvæmt henni, þá varðar það alltað 200 króna sekt. Að öðru leyti visast til laga nr. 30 frá 23. október 1903.

16. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. janúar 1905.

Samþykkt þessi, sem orðin er til á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 1. gr. í lögum 23. október 1903 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er staðfest af amtsráði Austuramtsins.

Amtsráð Austuramtsins 23. ágúst 1904.

Páll Briem.